

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Reykjavík, 1. október 2020
UST202009-191/H.G.
04.05

Efni: Umsögn um breytingu á skipulagslögum

Vísað er til máls nr. 190/2020 í Samráðsgátt stjórnvalda þar sem kynnt eru drög að frumvarpi til laga um breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010.

Umhverfisstofnun skilaði umsögn dags. 15. september sl., um áformin um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010, þar sem bent var á að Umhverfisstofnun fer með eftirlit með framkvæmd laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, veitir leyfi og umsagnir samkvæmt ákvæðum laganna, annast umsókn og rekstur náttúruverndarsvæða. Í því samhengi má einnig benda á að tillögur sveitarfélaga að vegaskrá eru háðar samþykki Umhverfisstofnunar, eða eftir atvikum annarra stjórnvalda þjóðgarða. Þá er Umhverfisstofnun auk þess samráðsaðili við gerð vegaskrár sem m.a. felst að skilgreina línuvegi, sbr. 32. gr. náttúruverndarlaga.

Samkvæmt 8. gr. frumvarpsins kemur ný grein, 11. gr. d., þar sem fram kemur að stefna raflínuskipulags er bindandi við gerð svæðisskipulags, aðalskipulags, deiliskipulags og útgáfu byggingar- og framkvæmdaleyfa. Umhverfisstofnun bendir á að breytingin kallar á breytingar á ákvæðum náttúruverndarlaga í samræmi við þetta, s.s. 3. mgr. 37. gr., 3. mgr. 61. gr. og 1. mgr. 68. gr. laganna, varðandi umsagnarhlutverk Umhverfisstofnunar í tengslum við gerð skipulags og veiting framkvæmda- eða bryggingarleyfa, þannig að tryggt verði lögbundið hlutverk Umhverfisstofnunar við að veita umsagnir um skipulag.

Samkvæmt 21. gr. frumvarpsins bætist ný málsgrein við 46. gr. laganna þar sem fjallað er um stafræna gagna – og upplýsingagátt. Í lokamálslið ákvæðisins segir: „Sveitarfélög, svæðisskipulagsnefndir, raflínunefnd og almenningur skulu hafa endurgjaldslausan aðgang að gagnagáttinni“. Orðalagið má skilja sem svo að öðrum, m.a. fagstofnunum og hagsmunaaðilum verði gert að greiða fyrir aðgang að gagnagáttinni. Umhverfisstofnun telur þetta ótækt og lítur svo á að tryggja eigi öllum jafnan aðgang að upplýsingum og gögnum. Þá er bent á að þetta er í ósamræmi við umfjöllun um 21. gr. í greinargerðinni með frumvarpinu en þar segir: „Auk þess að vera samráðsvettvangur er einnig gert ráð fyrir að gáttin sé upplýsingaveita fyrir hvern þann sem þarf að fá upplýsingar um gildandi skipulagsáætlanir eða framkvæmdaleyfi“. Umhverfisstofnun leggur því til að bætt verði við 21. gr. frumvarpsins „umsagnaraðilar eða aðrir samráðsaðila samráðsaðilar“ eða að orðalagið verður svohljóðandi: „Aðgangur að gagnagáttinni skal vera endurgjaldslaus“.

Fulltrúar stofnunarinnar eru reiðbúnir að koma á fund og fara nánar yfir efni umsagnarinnar.



Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri

Virðingarfyllst



Hlín Gísladóttir
lögfræðingur